

XIII. Ákærðu Þorsteinn Joensen, Á, F og RH greiði óskipt skaðabætur kr. 300,00 söluturninum Hringnum, Kaplaskjólsvégi 1.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 11/1985. **Valdstjórnin**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

A

(Jón Hjaltason hrl.)

Sjálfræðissvipting. Dómstólar. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var að ósk varnaraðilja skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1985.

Af hálfu ríkissaksóknara var þess upphaflega krafist, að héraðsdómur yrði staðfestur, en við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru þær kröfur gerðar, að sjálfræðissvipting sú, sem varnaraðilja var gert að sæta með hinum áfrýjaða dómi, yrði úr gildi felld vegna breyttra aðstæðna og haga varnaraðilja og kostnaður vegna málsins greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist „að hinn áfrýjaði dómur verði ómerkur, dómfellda verði sýknuð af öllum kröfum valdstjórnarinnar um sjálfræðissviptingu og henni fengið sjálfræði að nýju“ svo og að þóknun skipaðs talsmanns hennar verði greidd úr ríkissjóði.

Samkvæmt hjónavígsluvottorði borgardómaraembættisins í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, gekk varnaraðili

í hjúskap 5. desember 1984. Þá hefur og verið lagt fyrir Hæstarétt endurrit úr sakadómsbók Vestmannaeyjakaupstaðar 7. mars 1985, þar sem foreldrar varnaraðilja óska þess, að sjálfræðissviptingin verði úr gildi felld við meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

Er foreldrar varnaraðilja beiddust þess 16. janúar 1984, að hún yrði svipt sjálfræði og ítrekuðu þá beiðni 9. maí s.á., gildi um meðferð mála til sviptingar lögræðis II. kafli laga nr. 95/1947, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974, áður 4. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951. Í lagaframkvæmd hefur verið litið þannig á, að með lögtöku síðastgreinds ákvæðis hafi orðið sú breyting á lagareglum um meðferð mála til sviptingar lögræðis, að þau bæri þaðan í frá undir sakadómara, sbr. dóm Hæstaréttar 20. júlí 1954. Hefur lögskýring þessi verið áréttuð í mörgum síðari dómum Hæstaréttar. Var það því aðferð, sem lengi hafði verið fylgt, er ríkissaksóknari gaf út málshöfðunarskjal á hendur varnaraðilja 30. maí 1984, til að henni yrði gert að þola sviptingu sjálfræðis síns. Það mál var þingfest í sakadómi Vestmannaeyja 6. júní 1984, en var ekki lokið, er ný lög um lögræði nr. 68/1984 öðluðust gildi 1. júlí s.á.

Með síðastgreindum lögum var gerð sú breyting á meðferð mála til sviptingar lögræðis, að þau voru lögð til héraðsdómara, er fer með almenn einkamál, sbr. 6. grein laganna, sem skýra verður á þennan veg eftir orðum sínum og ótvíræðum ummælum í greinargerð með frumvarpinu. Í 5. grein laganna er enn fremur mælt fyrir um sóknaraðild í þessum málum. Er ríkissaksóknara samkvæmt því ekki lengur ætlað að hlutast til um sókn þeirra mála, svo sem og er berum orðum tekið fram í greinargerðinni.

Í lög nr. 68/1984 skortir ákvæði, er mæli fyrir um, hvernig fara skuli með þau mál, sem rekin voru fyrir sakadómi, en enn var ólokið við gildistöku laganna. Með hliðsjón af þeirri reglu, sem m.a. kemur fram í 222. gr. laga nr. 85/1936, og 51. gr. laga nr. 57/1949 verður þó að telja, að þau mál hafi borið að leiða til lykta í sakadómi. Verður því ómerkingarkrafan ekki tekin til greina, en hún er reist á því, að eigi hafi mátt eftir gildistöku laga nr. 68/1984 fara með og dæma í sakadómi Vestmannaeyja sjálfræðissviptingar-málið á hendur varnaraðilja.

Telja verður, að rétt hafi verið sú úrlausn í hinum áfrýjaða dómi, að svipta skyldi varnaraðilja sjálfræði, eins og högum hennar var

háttað. Byggðist það á heimild í c lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1984, sbr. áður 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947. Krafa ríkissaksóknara og varðaraðilja hér fyrir dómi um, að sjálfræðissviptingin verði úr gildi felld, er reist á því, að hagir varnaraðilja séu breyttir og foreldrar hennar óski þess, að henni verði af þeim ástæðum veitt sjálfræði að nýju. Tilmæli um endurveitingu sjálfræðis ber hins vegar að hafa uppi fyrir héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 68/1984. Verður því að vísa kröfu þessari frá Hæstarétti sjálfkrafa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um kostnað af málinu á að vera óraskað.

Kostnaður af málinu fyrir Hæstarétti, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, 7.500,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Framangreind ómerkingarkrafa varnaraðilja A verður ekki tekin til greina.

Kröfu valdstjórnarinnar og varnaraðilja um, að sjálfræðissvipting varnaraðilja verði úr gildi felld, er vísað frá Hæstarétti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera óraskað. Allur kostnaður af málinu fyrir Hæstarétti, þar með talin þóknun skipaðs talsmans varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 7.500,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. nóvember 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ.m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með málshöfðunarskjali, dagsettu 30. maí 1984, á hendur A ..., fæddri 1962 til sviptingar sjálfræðis af ástæðum, sem greinir í 3. tölulið 5. gr. laga um lögræði.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 16. janúar sl., rituðu foreldrar varnaraðilja, þau B og D ..., bréf til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, þar sem þess var farið á leit, að varnaraðili yrði svipt sjálfræði. Beiðni þessa endurnýjuðu þau og ítrekuðu hinn 9. maí sl.

Í bréfinu kváðu þau ástæður fyrir beiðni þeirra í stuttu máli vera þær, að í allmörg ár hefði varnaraðili misnotað áfengi og lyf og sýnt af sér aðra óreglu. Þau hefðu greinilega orðið þess áskynja, að varnaraðili þyrfti nauðsynlega læknishjálp á viðeigandi stofnun, en vilji hennar sjálfrar hefði ekki verið fyrir hendi til þess. Þar sem sjúkdómur hennar hefði ágerst undanfarið og hún sýnt af sér tilhneigingar til að svipta sig lífi, væri þeim nauðgudur einn kostur að setja fram beiðni þessa, til þess að varnaraðili gæti fengið nauðsynlega læknis meðferð á geðsjúkrahúsi.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö vottorð þeirra Einars Vals Bjarnasonar yfirlæknis og Einars E. Jónssonar heilsugæslulæknis, beggja starfandi við Sjúkrahús Vestmannaeyja. Hið fyrra, sem er dagsett 13. janúar sl., er svohljóðandi:

„Hér með vottast að A, fædd '62, til heimilis nnr. 0046-9939, þarfnast vistunar á viðeigandi sjúkrastofnun.

A hefur í mörg ár misnotað áfengi og lyf og jafnframt aðra óreglu (sic) og hún hefur vistast nokkuð oft á sjúkrastofnunum, en ætíð hætt allri meðferð að eigin frumkvæði, þannig að hingað til hefur hún aldrei fengið viðeigandi meðferð við sínum sjúkdómi.

Það sem hefur breyst nú í sjúkdómsmynd A er það, að hún er farin að sýna tilburði til sjálfvígis. Vegna þessara tilburða og vegna þess að meðferð hefur aldrei komið að notum, þar sem hún hefur ætíð hafnað allri meðferð, þá er þetta vottorð lagt fram.“

Síðara vottorðið, sem lagt var fram í dómnum 11. maí sl., en sagt er fyrir misritun dagsett 11.11. 1984, er svohljóðandi:

„Hér með vottast, að A f. 1962, til heimilis að, nnr. 0046-9939, þarfnast vistunar á viðeigandi sjúkrastofnun.

Það vísast í vottorð gefið 13.01. '84. Þar kemur fram, að A hefur í mörg ár misnotað áfengi verulega og viðhaft jafnframt aðra óreglu. Hún hefur vistast nokkuð oft á sjúkrastofnunum, en ætíð útskrifað sig þaðan sjálf. Frá því vottorðið var gefið þann 13.01. hefur ástand A versnað til muna. Áfengissýki hefur aukist og hegðun á almannafæri hrakað.

Í viðtölum hefur A neitað því eindregið að leggjast inn á sjúkrastofnun til meðhöndlunar vegna áfengissýki og hegðunarfrávika þannig að læknisfræðileg meðhöndlun hefur ekki getað komið til greina þar sem skoðun A á slíkri meðferð miðast eingöngu við skammtíma dvöl sér til hressingar. Þar sem andleg og líkamleg heilsa A er í hættu er mælt til að hún verði svipt sjálfræði svo komið verði við viðeigandi læknis meðferð á geðsjúkrahúsi (geðdeild Landspítala).“

Varnaraðili kom fyrir dóminn hinn 10. maí sl., og var henni þá kynnt sjálfræðissviptingarbeiðnin. Hún kvaðst mómæla fram kominni beiðni. Hins vegar kvaðst hún ekki bera á móti því, að hún væri áfengissjúklingur,

en vildi ráða því sjálf, hvort hún hætti að neyta áfengis eður ei. Þá kvaðst varnaðili vilja mótmæla því, að hún misnotaði lyf. Ennfremur mótmælti hún því, að hún væri farin að sýna af sér tilhneigingar til að svipta sig lífi, það væri löngu liðin tíð. Sagði varnaðili í því sambandi, að síðast hefði hún reynt slíkt í lok síðasta árs og þá notað rakvélablöð, en ekki skaðað sig að ráði.

Varnaðili kvaðst enga atvinnu hafa stundað það sem af væri þessu ári, en haft framfærslu af skyldusparnaði sínum, sem henni hefði tekist að ná út á þeim forsendum að hún væri illa stödd fjárhagslega.

Varnaðili kvaðst hafa byrjað að neyta áfengis fyrir u.þ.b. fjórum árum, en nærri léti, að hún væri búin að misnota áfengi í u.þ.b. þrjú ár.

Varnaðili kvað það rétt vera, að hún hefði nokkrum sinnum vistast á sjúkrastofnunum vegna áfengissýki sinnar. Tilnefndi hún í því sambandi Kleppsspítalann, geðdeild Landsspítalans, Vífilstaði, Vog og Silungapoll. Hún kvaðst tvívegis hafa haldið út þá meðferðaráætlun, sem fyrir hana var lögð, en í öll hin skiptin hefði hún hreinlega strokið af viðkomandi stofnunum. Kvaðst varnaðili ekki geta borið á móti því, að meðferð hefði aldrei komið að notum.

Móðir varnaðilja B kom fyrir dóminn hinn 11. maí sl. Hún staðfesti beiðni sína um sjálfræðissviptingu varnaðilja.

Vitnið kvað varnaðilja hafa byrjað að neyta áfengis fyrir u.þ.b. fjórum árum, en nærri léti, að hún væri búin að eiga við áfengisvandamál að stríða í tvö til þrjú ár. Vitnið kvað varnaðilja hafa verið margsinis vistaða á meðferðarstofnunum í Reykjavík, en jafnan án árangurs.

Vitnið kvað varnaðilja hafa stundað almenna vinnu í Vestmannaeyjum, en eftir því sem drykkjuskapur hennar færðist í aukana hafi að sama skapi fækkað þeim stundum, sem hún hafi stundað vinnu. Þannig hafi hún enga atvinnu stundað það sem af væri þessu ári.

Þá kvað vitnið varnaðilja ekki hafa haldið til heima hjá sér um langan tíma, heldur væri hún á flækingi, en staldraði í mesta lagi við dag og dag í senn heima hjá sér. Nú væri svo komið, að hún kæmi helst ekki á heimili sitt nema undir áfengisáhrifum. Skeyti hún þá ekki um, á hvaða tíma sólarhringsins hún komi, og eigi það til að raska ró heimilisfólksins.

Þá lét vitnið þess getið, að þegar varnaðili sé undir áfengisáhrifum, komi það fyrir, að hún sýni af sér óviðurkvæmilega hegðun á almannafæri. Það kvað varnaðilja ekki hafa verið þeim hjónum til fjárhagslegrar byrði, en hún hefði fengið greiddan út skyldusparnað sinn og lifað á þeim peningum.

Samdægurs kom faðir varnaðilja D fyrir dóminn. Hann staðfesti sjálf-ræðissviptingarbeiðnina.

Vitnið kvað varnaðilja hafa átt við áfengisvandamál að stríða undan-

farin 2-3 ár og af þeim sökum margsinnis verið vístuð á meðferðarstofnunum í Reykjavík. Sú meðferð hefði þó jafnan verið án árangurs, enda hefði varnaraðili ekki haft vilja til að sæta meðferð, heldur hefði hún, ef svo mætti segja, útskrifað sig sjálf.

Vitnið sagði, að í kjölfar áfengisneyslunnar hefði fylgt hvers kyns lausung. Varnaraðili hefði ferðast talsvert erlendis, meðan hún hafði fé til þess, en þær ferðir ekki orðið henni til góðs. Nefndi vitnið sem dæmi, að í fyrri-
sumar hefði varnaraðili ætlað að fara til Noregs með skipinu Norrönu, en ekki farið lengra en til Færeyja, þar sem hún hefði ástundað drykkjuskap. Þau hjónin hefðu verið farin að hafa áhyggjur af henni og orðið að snúa sér til yfirvalda til að spyrjast fyrir um ferðir hennar.

Vitnið kvað varnaraðilja enga atvinnu hafa stundað það sem af væri árinu. Segja mætti, að varnaraðili hafi tollað illa í vinnu eftir því sem drykkjuskapur hennar hafi ágerst og hún skipt ótt og títt um vinnustaði.

Vitnið kvað varnaraðilja ekki hafa haldið til á heimili sínu nú að undanförnu, heldur væri hún á flækingi og vendi komur sínar þangað sem drykkjumenn halda til.

Hvað varðar áfengisneyslu varnaraðilja, kvaðst vitnið geta nefnt sem dæmi, að þau hjónin þyrftu nú að hafa hús sitt læst til þess að þurfa ekki að eiga yfir höfði sér ónæði vegna ölvunar hennar.

Varnaraðili kom á ný fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 6. júní sl. Var hún þá innt eftir afstöðu sinni til málshöfðunar þessarar, og kvaðst hún mótmæla málshöfðuninni.

Álit talsmanns varnaraðilja.

Af hálfu skipaðs talsmanns varnaraðilja, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, er þess krafist, að synjað verði kröfu valdstjórnarinnar um sviptingu sjálfræðis. Varnarskjalið er dagsett 17. júlí sl.

Af hálfu talsmannsins er ekki dregið í efa, að málshöfðun þessi gat staðist, er hún var gerð. Þá er á það bent, að þegar lögræðislögin nr. 95/1947 voru sett, hafi í fyrstu verið óvissa um, hvernig þau yrðu skilin um aðild saksóknara að málshöfðun í nafni valdstjórnarinnar, en með meirihluta-
ákvörðun hæstaréttar, sbr. t.d. hrd. XXXII, bls. 343, og hrd. XXV, bls. 803, hafi tekið af vafa um, að málshöfðun með þessum hætti var lögleg fram að 30. maí 1984, en þann dag, þ.e. sama daginn og mál þetta var höfðað af valdstjórninni, hafi verið sett ný lögræðislög nr. 68 30. maí 1984. Í 41. gr. þeirra laga segi, að lögin öðlist gildi 1. júlí 1984 og jafnframt falli úr gildi lög nr. 95 5. júlí 1947, um lögræði og lög nr. 26 21. maí 1979 um breytingu á þeim lögum, svo og 4. tl. 2. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt þessu sé ljóst, að mál til sviptingar sjálfræðis verði ekki

lengur rekið af saksóknara í nafni valdstjórnarinnar. Eftir gildistöku nýju lögræðislaganna verði mál til sviptingar sjálfræðis aðeins rekin sem einkamál og sé talið upp í 5. gr. þeirra laga hverjir geti verið sóknaraðiljar. Þar sé saksóknari ekki talinn upp sem aðili slíks máls. Hins vegar sé dómsmálaráðuneytinu veitt sóknaraðild, þegar gæsla almannahags geri þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfur vegna tilmæla aðilja sjálfs, vandananna, læknis hans eða vina eða vegna vitneskju um hag aðilja er það hefur fengið á annan hátt.

Þar sem mál þetta sé ekki höfðað af neinum þeim aðilja, sem sóknaraðild geta átt að lögræðissviptingarmáli eftir 5. gr. laga nr. 68 30. maí 1984, er tóku gildi 1. júlí 1984, hljóti það nú að leiða til þeirrar niðurstöðu, að synjað verði um sviptingu sjálfræðis, sem farið er fram á í málinu.

Í þessum sambandi virðist einnig verða að liggja ótvírætt fyrir, hvaða tölulíður 3. gr. (sic) lögræðislaganna (nr. 95/1947) eigi við, en vafasamt í máli þessu, að varnaraðili hafi raskað hagsmunum með þeim hætti, að réttlæti sjálfræðissviptingu yfirleitt.

Álit dómsins.

Eins og greinir í málshöfðunarskjali, dagsettu 30. maí sl., er krafa valdstjórnarinnar eingöngu byggð á 3. tölulið 5. gr. lögræðislaganna nr. 95/1947. Skilja verður kröfugerð og málátílbúnað valdstjórnarinnar svo, að áfengissýki varnaraðilja sé ein ástæða fyrir sjálfræðissviptingarkröfunni.

Í málinu liggja fyrir tvö læknisvottorð þess efnis, að varnaraðili sé haldin áfengissýki, auk þess sem varnaraðili bar ekki á móti því fyrir dómi, að hún væri áfengissjúklingur. Þá liggja fyrir í málinu ljósrit 9 lögregluskýrslna og 1 frumrit varðandi vistun varnaraðilja í fangageymslum lögreglu vegna ölvunar.

Með vísan til framanritaðs þykir því ekki varhugavert að telja sannað, að varnaraðili sé haldin áfengissýki og af þeim sökum ófær til að ráða persónulegum högum sínum.

Svo sem áður er rakið, er málshöfðunarskjal dagsett 30. maí sl. og birt varnaraðilja hinn 6. júní sl. Í þinghaldi daginn eftir var áðurnefndur hæstaréttarlögmaður skipaður talsmaður varnaraðilja. Fékk lögmaðurinn við það tækifæri frest til 15. sama mánaðar til að skila vörn í málinu. Vörnin er hins vegar dagsett 17. júlí sl., en þá voru ný lögræðislög gengin í gildi, eins og fram er komið hér að framan. Með bréfi, dagsettu 17. ágúst sl., ákvað dómari að senda ríkissaksóknara málið til fyrirsagnar á ný í ljósi breyttrar löggjafar. Var óskað eftir afstöðu um, hvort málið skyldi dæmt í sakadómi eða fallið yrði frá málshöfðun. Með bréfi, dagsettu 19. september sl., endursendi ríkissaksóknari síðan málið með svohljóðandi athugasemd: „Tekið skal fram, að mál þetta er löglega höfðað á réttum tíma

og það var tekið fyrir í sakadómi Vestmannaeyja fyrir gildistöku nýrra lögræðislaga nr. 68, 1984. Af þessum sökum lítur ákærvaldið svo á, að með málið skuli fara í sakadómi Vestmannaeyja.“

Efni þessa bréfs var kynnt skipuðum talsmanni varnaraðilja í þinghaldi hinn 1. þ.m., og óskaði hann ekki eftir að koma athugasemdum á framfæri við það tækifæri. Var málið að svo búnu tekið til dóms.

Dómurinn lítur svo á, að fallast beri á það með valdstjórninni, að málið sé réttilega höfðað hér fyrir dómi, enda höfðað fyrir gildistöku hinna nýju lögræðislaga. Málið var einnig þingfest og raunar allar þær ráðstafanir gerðar af hálfu dómsins, til þess að unnt yrði að leggja á það dóm, áður en þau lög gengi í gildi. Það verður því einkum að skrifast á reikning skipaðs talsmanns varnaraðilja, að ekki reyndist unnt að kveða upp dóm í málinu fyrir margnefndan gildistökudag.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber með vísan til 3. tl. 5. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, að taka kröfu valdstjórnarinnar til greina og svipta varnaraðilja sjálfræði. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. og 178. gr. laga nr. 74/1974.

Í samræmi við ákvæði 15. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 ber að dæma ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar vegna málsins, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 4.000,00.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili A skal svipt sjálfræði. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 4.000,00 krónur.